

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 16. febrúar 2017 kl 13.00.
Fjarfundur haldinn á Hólmavík, Ísafirði og Tálknafirði.**

Mætt voru Pétur G. Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík), Jón Örn Pálsson (Tálknafirði), Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Fundinn sátu einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Skúli Gautason, menningarfulltrúi.

Auglýst dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Fundargerð stjórnarfundar 25. janúar 2016.
2. Sóknaráætlun Vestfjarða;
 - a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, fundargerðir úthlutunarnefndar.
 - b. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, tillaga um úthlutun 2017.
 - c. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða. Reglur um útborgun styrkja, breyting ákvæðis um útborgun langtímastyrkja.
 - d. Greinargerð um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða.
 - e. Framkvæmdaráð Sóknaráætlunar Vestfjarða. Fundargerð.
3. Markaðsstofa. Skipan Íslandsstofu í fagråd ferðapjónustunnar.
4. Jöfnunarsjóður. Framlög til landshlutasamtaka fyrir árið 2017.
5. Vinnudeila útgerða og sjómanna.
Skýrsla atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis.
Mat á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjómanna.
6. Fjórðungsþing og haustþing FV.
7. Eftirfylgni málefna FV.
8. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis.
9. Tekjustofnar sveitarfélaga.
10. Svæðisskipulag Vestfjarða.
11. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð 111. fundar.
12. Umræðufundur um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjármálareglur.
13. Umsagnir.
14. Önnur mál.

1. Fundargerð stjórnarfundar 25. janúar 2016.

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar FV 25. janúar 2016 til staðfestingar en fundargerðin hafði áður verið samþykkt í tölvupósti. Fundargerð samþykkt.

2. Sóknaráætlun Vestfjarða.

a. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða.

Lagðar fram fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 23. janúar, 1. febrúar og 2. febrúar 2017.

Formaður lagði til eftirfarandi tillögu.

Stjórn FV samþykkir tillögu úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða samkvæmt fundargerð 3. fundar dags. 2. febrúar 2017 um að skipta úthlutun úr Uppbyggingarsjóði 2017 í tvennt. Af 55,1 mkr heildarúthlutun komi þannig 45,1 mkr til úthlutunar í febrúar en 10 mkr verði úthlutað í annarri úthlutun í

vor. Í þeirri úthlutun verði eingöngu veittir styrkir til verkefna en ekki stofn- og rekstrarstyrkja. Lögð er áhersla á að umsækjendur sendi inn umsóknir sem uppfylli viðmið Uppbyggingarsjóðs um gæði umsókna.

Tillagan samþykkt

b. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, Tillaga um úthlutun 2017.

Á grundvelli tillögu í fundargerð úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2. febrúar 2017 lagði formaður lagði fram tillögu sem hér segir

Stjórn FV samþykkir tillögu í fundargerð 3. fundar úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða, dags. 2. febrúar 2017 um úthlutun á 45,1 mkr. sem skiptast í þrjá flokka skv úthlutunarreglum sem voru samþykktar af stjórn FV:

Í flokki stofn- og rekstrarstyrkja eru til úthlutunar 12.400.000 kr.

þar af verði veitt vilyrði um 4 styrki upp á alls 12.400.000 kr.

Í flokki stærri verkefnisstyrkja (1.200.000 kr og stærri) eru til úthlutunar 20.900.000 kr þar verði veitt vilyrði um 14 styrki upp á alls 17.700.000 kr.

Í flokki minni verkefnisstyrkja (undir 1.200.000 kr) eru til úthlutunar 21.830.000 kr., þar verði veitt vilyrði fyrir 35 styrkjum upp á alls 15.000.000 kr.

Vilyrði um styrk er sett fram með fyrirvara um að samningur takist við styrkþega um afgreiðslu styrksins á grundvelli reglna sem stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur samþykkt. Frestur til að ganga frá samningum eða afþakka styrkvilyrði er settur til 27. mars 2017.

c. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða. Reglur um útborgun styrkja, breyting ákvæðis um útborgun langtímastyrkja.

Menningarfulltrúi lagði fram tillögu að breytingu á reglu 11 b, um útborgun styrkja til verkefna sem ná til lengri tíma en eins árs í sem.

Tillagan samþykkt.

d. Greinargerð um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Lögð fram til kynningar greinargerð um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2016. Greinargerðin verður send Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og til samráðsvettvangs.

e. Framkvæmdaráð Sóknaráætlunar Vestfjarða. Fundargerð.

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdaráðs sóknaráætlunar Vestfjarða þann 13. febrúar 2017.

3. Markaðsstofa. Skipan Íslandsstofu í fagråd ferðapjónustunnar.

Lagt fram bréf Íslandsstofu 13. janúar 2017, þar sem kynnt er ákvörðun um að skipa Díönu Jóhannsdóttur, markaðsfulltrúa FV í fagråd ferðapjónustunnar.

4. Jöfnunarsjóður. Framlög til landshlutasamtaka fyrir árið 2017.

Lagt fram bréf ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 23. janúar þar sem kynnt er að bundin framlög til FV fyrir árið 2017, nemi 29,5 mkr.

5. Vinnudeila útgerða og sjómanna.

Lögð fram skýrsla atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis. *Mat á þjóðhagslegum kostnaði verkfalls sjómanna.* Efni skýrslunnar rætt, formaður gerði tillögu að eftirfarnandi samþykkt.

Verkfall sjómanna hefur staðið frá miðjum desember. Verkfallið hefur haft mikil áhrif á vestfirskt samfélag, dæmi eru um að tekjur sveitarfélaga hafi dregist saman um 25% á þessum tíma.

Til lengdar er ljóst að sveitarfélög í sjávarútvegi munu lenda í miklum fjárhagslegum ógöngum ef deilan leysist ekki fljótlega. Afleiðingarnar verða atvinnuleysi, skert þjónustu og versnandi almannahagur.

Mikil ábyrgð hvílir á samningsaðilum um að finna lausn og sátt hið allra fyrsta. Fjórðungssamband Vestfirðinga hvetur samningsaðila að finna samhljóm og samstöðu til framtíðar í nýjum samningum, það er fyrst og fremst almannahagur að útgerð hefjist að nýju sem allra fyrst.

Tillagan samþykkt

6. Fjórðungsping og haustping FV.

Framkvæmdastjóri kynnti að skoðað hefði verið með færslu á dagsetningu 62. Fjórðungspings en hann gerði að tillögu að þingdagur yrði óbreyttur, miðvikudagur 24. maí n.k. og yrði þingið haldið í Bolungarvík. Dagskrá þingsins er samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins. Samstarfsaðilum FV yrði kynnt þessi ákvörðun og þeim boðið að halda ársfundi sína sama dag í framhaldi af Fjórðungspingi. Tillagan samþykkt.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir tillögu stjórnar um dagsetningu og um fundarstað 2. Haustþings FV. Formaður setti fram tillögu;

2. Haustping Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið föstudaginn 29. september í Reykjanesi við Djúp. Framkvæmdastjóra verði falið að tilkynna um boðun þingsins til sveitarfélaga og samstarfsaðila.

Tillagan samþykkt.

7. Eftirfylgni málefna FV.

Formaður kynnti að hann hefði ásamt framkvæmdastjóra átt fundi í Reykjavík þann 9. febrúar s.l. með ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, umhverfis og auðlindarráðherra, fulltrúum í innanríkisráðuneyti (samgöngu og sveitarfélagamála) og með fulltrúum forsætisráðuneytis. Þann 14. febrúar var haldinn fundur á Ísafirði með sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra. Á fundunum hefði verið kynnt málefni

Fjórðungssambandsins á grunni stefnu FV eftir málaflokkum ráðuneytanna, einnig málefni úr skýrslu nefndar forsætisráðherra um atvinnu- og samfélagsþróun á Vestfjörðum.

8. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis.

Framkvæmdastjóri kynnti að óskað hefði verði eftir fundum með þingmönnum NV kjördæmis í kjördæmaviku 13.- 16. febrúar. Haldinn var fundur með Teiti Einarssyni á skrifstofu FV en þingmenn hefðu gert tillögu um að haldinn yrði sameiginlegur fundur í Reykjavík, þann 20. febrúar n.k. í tengslum við ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður lagði til að framkvæmdastjóra yrði falið að skipuleggja fund stjórnar FV, sveitarfélaga á Vestfjörðum og þingmönnum NV kjördæmis. Efni fundarins yrðu stefnumál Fjórðungssambandsins og áherslumál sveitarfélaganna. Fundinn sæki Pétur G. Markan, Margrét Jónmundsdóttir ásamt framkvæmdastjóra.

9. Tekjustofnar sveitarfélaga.

Á grunni samþykktar stjórnarfundar 25. janúar s.l. kynnti framkvæmdastjóri drög að minnisblaði um breikkun tekjustofna sveitarfélaga, auðlindagjald af fiskeldi og af fjármagnstekjuskatti. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að efni máls.

10. Svæðisskipulag Vestfjarða.

Á grunni samþykktar stjórnarfundar 25. janúar s.l. kynnti framkvæmdastjóri tillögu dagsetningu og efni málþings um svæðisskipulag Vestfjarða. Tillagan gerir ráð fyrir fundi föstudaginn 31. mars n.k., meginefni fundarins væri að ræða heildstætt svæðisskipulag eða svæðaskipt.

11. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð 111. fundar.

Lögð fram til kynningar fundargerð 111. fundar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

12. Umræðufundur um fjármálastefnu, fjármálaáætlun og fjármálareglur.

Kynnt boð Sambands íslenskra sveitarfélaga á umræðufund sem haldinn verði í Reykjavík þann 20. febrúar n.k.. Efni fundarins verði kynning skýrslu um úttekt á fjármálakafla sveitarstjórnarlaga og framkvæmd fjármálastefnu. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sæki fundinn.

13. Umsagnir.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar umsagnar um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga, 128. mál. Umsögn berist fyrir 24. febrúar n.k.. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skila umsögn um málið í samráði við önnur landshlutasamtök.

Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar óskar umsagnar FV á greiningarskýrslu vegna svæðisskipulagsgerðar sveitarfélaganna. Umsögn berist fyrir 24. febrúar n.k.. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skila umsögn í samræmi við umræðu á fundinum.

14. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir að leggja fram til kynningar ;

- Fundargerð framkvæmaráðs umhverfissvottunar frá 20. janúar s.l.
- Drög að fundargerð svæðisráðs DMP á Vestfjörðum.

Tillagan samþykkt og efni fundargerða kynnt á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00.